



**Landsvirkjun**

Góðir straumar í 40 ár

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1338*  
*komudagur 15. 4. 2005*

Nefndasvið Alþingis  
B.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 14.04.2005

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál**

Með bréfi nefndarinnar frá 30. mars 2005 barst Landsvirkjun til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál.

Þingsályktunartillaga þessi hefur áður verið flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt nú. Með tillögunni er nú lögð fram sem fylgiskjal XI, umsögn Landsvirkjunar frá 15. mars 2001 um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi).

Eftir jarðskjálftana á Suðurlandi á árinu 2000, sem upphaflega urðu tilefni þingsályktunartillögu þessarar, lét Landsvirkjun framkvæma gagnvera úttekt á mannvirkjun sínum, einkum á Suðurlandi, með tilliti til öryggis gagnvart jarðskjálftum. Voru í framhaldi af því gerðar ýmsar ráðstafanir, sem einkum fólust í því að treysta betur festingar á þungum hlutum sem færst gætu úr stað við jarðskjálfta. Einnig var jafnað við jörðu allstórt steinhús við Írafossstöð sem ekki var talið að uppfyllti ítrustu kröfur um styrk þótt það hefði ekki orðið fyrir skemmdum í jarðskjálftunum enda alllangt frá upptökum þeirra. Á þessum tíma stóðu einnig yfir gagngerar endurbætur á orkuverum Landsvirkjunar við Sog, sem nú er lokið, og var sérstaklega hugað að þessum atriðum við þær framkvæmdir.

Ofangreindar ráðstafanir framkvæmdu Landsvirkjun á eigin kostnað enda telur fyrirtækið eðlilegt að eigendur mannvirkja beri sjálfir ábyrgð á að þau séu í einu og öllu í samræmi við kröfur sem gerðar eru um mannvirki í lögum og reglugerðum.

Landsvirkjun telur rétt að ofangreint komi fram en tekur ekki að öðru leyti afstöðu til þingsályktunartillögu þessarar.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri



Landsvirkjun  
er bakhjarl  
þjóðminjasafns Íslands